

Jungle Speed

Leikreglur á 5 mínútum



- Aldur: 8 ára og eldri
- Fjöldi: 2 til 8 leikmenn
- Spilatími: 10-15 mín.
- Höfundar: Thomas Vnarchex og Pierric Yakovenko

Innihald:

- 1 kefli
- 1 poki
- 80 spjöld
- Spilareglur á íslensku, frönsku og ensku.

Markmið: Að losna við öll spilin. Leikmaðurinn sem fyrstur losnar við öll spilin vinnur.

Uppsetning: Spjöldunum er skipt jafnt á milli leikmanna og keflið sett í miðjuna (sjá mynd til hliðar).



Spilun: Yngsti leikmaðurinn byrjar. Einn leikmaður í einu flettir upp einu spjaldi og leggur fyrir framan flettibunkann í notaða-bunkann. Svo næsti leikmaður réttisælis og koll af kalli. Þeir leikmenn sem eru með tákni sem eru eins í laginu (litur skiptir ekki máli) keppast við að ná stönginni. Aðeins þeir leikmenn sem eru með eins tákni mega ná í keflið. Sá leikmaður sem nær keflinu vinnur þessa umferð. Notaði bunki sigurvegarans er settur neðst í flettibunka þess sem tapaði. Leikmaðurinn sem tapaði byrjar á því að fletta nýju spjaldi.

- Það á alltaf að fletta spjaldinu frá sér upp.
- Það verður að nota sömu höndina við að fletta og ná keflinu.
- Ef þrír eða fleiri leikmenn eru með eins tákni, þá skipta þeir bunka sigurvegarans á milli sín.
- Ef keflið er gripð, en leikmaður hafði rangt fyrir sér (spjöldin eru ekki eins), þarf hann að taka notaða-bunka allra leikmann og setja neðst í flettibunkann sinn.

Sérstök spjöld:



Örvar inn

Ef þetta spjald flettist upp hjá einhverjum leikmanni þá eiga allir leikmenn að reyna gripa keflið. Sá leikmaður sem nær stönginni setur notaða bunkann sinn undir stöngina í miðjunni. Næsti leikmaður sem tapar bætir þessum bunka við tapbunkann.



Örvar út

Allir leikmenn eiga að leggja út eitt spjald samtímis. Best er að telja „1,2 og 3“.



Marglitaðar örvar

Ef þetta spjald kemur upp, þá gildir formið sjálft ekki máli — bara liturinn á forminu. Þetta gildir þar til flett er yfir spjaldið.